


Frásagnir af tveimur ömmum

1. [„Ömmu mun alltaf hafa þótt gaman að koma á bak viljugum hesti“](#)
2. [„... alla tíð fátæk en þau áttu hvort annað“](#)



„Ömmu mun alltaf hafa þótt gaman að koma á bak viljugum hesti“

Minning um föðurömmu

Föðuramma mín hét (...). Hún var fædd 24. mars 1878 (...) í Vatnsdal. Hún var yngsta barn foreldra sinna af sex börnum sem upp komust. Tvíbúrasystir hennar (...) var fædd 23. mars. Það þótti mér mjög merkileg staðreynd þegar ég var barn. Þær tvíbúrasysturnar voru mjög ólíkar, bæði í útliti og hvað áhugasvið snerti, en voru afar nánar meðan báðar lifðu þótt líf þeirra tæki ólíka stefnu.

Foreldrar ömmu voru (...). (...) var ein þeirra mörgu íslensku kvenna sem stundaði ljósmóðurstörf þótt hún hefði ekki lært til þess annað en það sem reynslan kenndi henni og til hennar var gjarnan leitað í sambandi við veikindi. (...) var talinn góður smiður þótt ekki hefði hann heldur lært neitt á því sviði. T.d. smíðaði hann og gaf ömmu það alfallegasta hesputré sem ég hef séð. Þau hjón voru bæði fljót að tileinka sér nýjungar sem gátu orðið til þess að létta fólki störf. Þau munu hafa átt jörðina (...) og voru bjargálma en aldrei efnuð en þau

reyndu að mennta börn sín eftir föngum. Amma fór þó ekki á kvennaskóla en ég veit að yngri árum tóku þær systur að sér sauma.

Vorið 1906 giftist amma afa mínum, (...) 1873. d. (...) 1944. Þau hófu búskap (...) í Svínadal (...) og bjuggu þar æ síðan. Þau eignuðust fimm börn. Foreldrar mínir tóku við jörðinni og amma átti heimili hjá okkur meðan hún lifði.

Amma var komin yfir sjötugt þegar ég man fyrst eftir henni. Hún var sívinnandi, spann á rokkinn sinn á vetrum og þrjónaði vettlinga og háleista handa heimilisfólkinu. Á sumrin var hún oft í bæjarverkum ef mamma var úti við heyskap og það var indælt að koma inn um miðjan daginn og finna lummulyktina þegar hún hafði steikt lummur með miðdegiskaffinu. Einstaka sinnum kom hún út með hrífu og ég man sérstaklega eftir einu skipti þegar hún rakaði saman flekk með okkur systkinunum. Við dáðumst að því hvað amma sætti hátt og tilkomumikið sæti. Amma var áreiðanlega mikil búkona og reglusöm húsmóðir meðan hún stóð fyrir búi.

Amma var lengst af ágætlega heilsuhraust að öðru leyti en því að hún var sjóndöpur og sjóndepran ágerðist með aldrinum og síðustu árin var hún nánast blind en hún þrjónaði alltaf. Hún hafði farið í augnaðgerðir vegna gláku en með þeirra tíma tækni tókst ekki að bjarga sjóninni til frambúðar. Ég man ekki eftir henni með það góða sjón að hún gæti lesið sér til gagns. Mamma las oft upphátt fyrir hana ef skemmtilegar bækur bárust inn á heimilið og þannig kynntist ég bókum Guðrúnar frá Lundi. Þegar ég stálpaðist las ég stundum fyrir ömmu.

Amma og mamma voru mjög nánar og afsönnuðu þannig allar kenningar um samband tengdamæðgna. Þegar ég var lítill krakki hafði ég þann sið að láta lítið fara fyrir mér ef þær voru að tala saman og hlusta á þær. Sjálfsgagt hef ég mátt heyra flest af því sem þær sögðu og oft var amma að segja mömmu frá sínu fólki. Þessi samtöl voru mikil fróðleiksnáma fyrir mig en stundum gat ég misskilið þær á spaugilegan hátt og þar sem ég vildi ekki trufla þær í samtalinu var sá misskilningur stundum ekki leiðréttur fyrr en mörgum árum seinna.

Þegar sjón ömmu hrakaði gat hún ekki lengur sinnt inniverkum en sat gjarnan og þrjónaði. Mig minnir að mamma hafi fitjað upp fyrir hana og þrjónað fyrstu umferðina. Síðustu árin gat ég gert þetta fyrir hana. Þegar allir voru úti við heyskap á sumrin var það gjarnan mitt verk að hlaupa heim með jöfnu millibili og hafa tal af ömmu. Þá var ég vön að kalla til hennar þegar ég kom inn og segja henni hver væri á ferðinni. Stundum var ég inni hjá henni þótt aðrir væru úti. Ég snerist fyrir hana það sem þurfti en sat oft út í horni með bók. Það háttalag kom ömmu ekki á óvart og ég man að mér þótti vænt um þegar hún sagði mömmu að ég minnti hana á Elísabetu systur sína sem hafði verið mjög bókhneigð.

Tvö barna ömmu auk pabba voru búsett í sveitinni. Eftir áramót fór hún og dvaldi nokkrar vikur hjá hvoru hinna systkinanna en kom aftur heim þegar fór að vora. Þegar ég man fyrst eftir fylgdi pabbi henni á milli bæjanna á hesti. Amma reið alltaf í söðli og er sennilega eina konan sem ég hef séð í söðli. Mér mjög minnisstæð ferð þegar einn sonarsonur hennar var skírður að sumri til og allt heimilisfólkið heima fór ríðandi í skírnarveisluna. Við amma þöndum okkur á undan niður flóann, hún 75 ára í söðli og ég sex ára og reið á poka. Þetta var afar skemmtilegt. Ömmu mun alltaf hafa þótt gaman að koma á bak viljugum hesti en í þetta sinn reið hún ákaflega stilltum gömlum hesti en þandi hann samt áfram á skeiði.

Tveir synir ömmu voru búsettir í Reykjavík. Fyrir jólin fengu þeir alltaf matarsendingar frá henni, hangikjöt, bjúgu, heimastrokkað smjör og ýmislegt annað. Amma átti alltaf nokkrar kindur og eflaust hafa hún og pabbi verslað sín á milli með kjöt í sendingarnar en smjörið keypti hún þar sem það var að fá. Það var gamall siður sveitafólks að senda skyldfólki sínu í kaupstöðum matar-sendingar fyrir jólin en ekki jólagjafir og þeim sið hélt amma. Fjölskyldunum sem búsettir voru í sveitinni gaf hún jólagjafir og reyndi yfirleitt að gefa

eitthvað sem kom sér vel en stundum var bók stungið í pakkann. Mamma sá yfirleitt um að kaupa jólagjafirnar fyrir hana og pakka þeim inn. Ég man að mér þótti það mikill vegsauki þegar ég var orðin það vel skrifandi að mér var treyst til að skrifa á merkispjöld og á jólakort handa frændsystkinum mínum.

Amma var lágvaxin kona og mun hafa verið þrekin eftir hæð þegar hún var ung en hún fitnaði aldrei. Sem ung stúlka var hún rauðhærð en hár hennar missti rauða blæinn en gránaði aldrei. Hún var með fléttur sem hún vafði um höfuðið hversdagslega en spariklæðnaður hennar var peysuföt. Amma var hlynnt öllum framförum, hefur alist upp við þann hugsunarhátt á heimili foreldra sinna. Sem dæmi má nefna að þegar búnaðarfélag sveitarinnar réðst í að kaupa jarðýtu um 1950 lánaði amma ekki lægri upphæð til þeirra kaupa en aðrir. Amma var dagfarsprúð kona en gat verið einörð og orðheppin. Fjölskyldunni þótti vænt um hana og hún var vel virt af nágrönnunum.

Ég var fjórtán ára þegar amma lést. Fram að þeim tíma hafði hún verið sjálfsagður hluti tilveru minnar, hún var alltaf til staðar og átti þátt í uppeldi okkar systkinanna eins og foreldrar okkar. Öll vildu þau kenna okkur samvirkusemi og heiðarleika og lögðu ríka áherslu á að við værum góð við þá sem minni máttar væru og þættumst ekki yfir aðra hafin.

Amma hélt óskertum andlegum kröftum til hins síðasta. Hún dó (...) 1961 eftir skammvinn veikindi, 83 ára gömul. Jarðarför hennar var fyrsta jarðarförin sem við mörg barnabörnin hennar vorum viðstödd. Þann dag var rigningaráði með köflum og veðrið fremur þungbúið. Það var líkt og dalurinn táraðist þegar þessi gamla kona sem hafði lifað þar og starfað í 55 ár kvaddi og hlaut sinn hinsta hvílustað í skjóli hans.

„... alla tíð fátæk en þau áttu hvort annað“

Minning um móðurömmu

Móðuramma mín hét (...) f. (...) 1883, d. (...) 1950. Hún dó heima hjá foreldrum mínum og fyrsta skýra bernskuminning min er frá jarðarfarardegri hennar en eftir henni sjálfri man ég ekki. Ég styðst því við frásagnir móður minnar enda alin upp við minningar hennar um móður sína.

(...) amma mín, var af fátæku fólki komin. Móðir hennar hét (...) en faðir hennar (...). Á þeim var meira en 40 ára aldursmunur og var faðir hennar 75 ára þegar hún fæddist og dó áttæður. Af honum hafði hún því engin kynni. Fyrstu árin mun amma hafa verið á sveit í Svínavatnshreppi en nokkurra ára gömul kom hún að (...) sem þá var ekkjumaður á miðjum aldri og bústýru hans sem var (...), sem var móðursystir ömmu. Þar ólust líka upp bróðursonur (...), nokkrum árum eldri en amma og dóttir fátækra hjóna á næsta bæ og var hún yngst barnanna.

Amma fékk gott atlæti og uppeldi (...). (...) fóstri hennar, var ætíð í huga hennar afbragð annarra manna og elsti sonur hennar bar nafn hans. (...) frænka hennar, var lagin við sauma og fékk fyrstu saumavélina sem kom í hreppinn. Jafnaldra ömmu sem ólst upp á bæ ekki langt frá (...) sagði mömmu frá því að það hefði verið sinn æðsti draumur sem lítillar stúlku að eignast jafn fallega kjóla og stelpurnar í (...) áttu. Þegar amma var um fermingaraldur bjó (...). (...) átti fleiri bækur en almennt gerðist. Hann hefur veitt því eftirtekt að þessi unglingsstúlka hafði góðar gáfur og þótti gaman að lesa. Hann sagði henni því að hún mætti fara í bókaskápin sinn og fá lánaðar bækur hvenær sem hún hefði tíma og löngun til og það nýtti hún sér. Ég geri ráð fyrir að bókleg menntun (...) ömmu minnar hafi að mestu verið sótt í bókaskáp (...). Hún fór á saumanámskeið í fáeinar vikur sem ung stúlka en aðra verklega menntun hlaut hún á heimilinu.

Þegar amma var fjórtán ára gömul eignuðust (...) frænka hennar og (...) bóndi son. Þá var (...) fertug en (...) sextugur. (...) hefur sjálfsagt haft of háan blóðþrýsting en sá kvilli hefur fylgt mörgu ættfólki hennar. Hún mun hafa fengið aðkenningu af heilablóðfalli og náði ekki fullri heilsu. Þremur árum síðar fæddist annar sonur. Sú meðganga hefur orðið (...) um megn, hún fékk heilablóðfall og lamaðist og andaðist tæpu ári síðar. Þá mun (...) hafa ætlað að fá uppkomna bróðurdóttur sína sem ráðskonu en hún hafði ráðið sig annað. Útkoman var því sú að amma stóð fyrir búinu með fóstura sínum næstu árin. Yngri drengnum var komið í fóstur en sá eldri var heima hjá föður sínum og ömmu. Hún gekk þessum litla frænda sínum í móður stað meðan leiðir þeirra lágu saman og hann var henni kær sem væri hann hennar barn. Sjálfsagt hafa þau að mörgu leyti verið lík.

Vorið 1906 þegar amma var tæplega 23 ára kom nýr vinnumaður að (...), hár og grannur, ljóshærður og bláeygur og einu ári yngri en hún. Þarna voru örlög þeirra ráðin því að þessi ungi vinnumaður var afi minn, (...) 1884, d. (...) 1970. Afi var yngsta barn fátækra foreldra og hafði fyrst komið í sveitina sem smali til (...), og sennilega hafa þau amma og afi vitað hvort af öðru. Þau voru í (...) þar til vorið 1908 að (...) hætti búskap. Þá var elsta dóttir þeirra fædd. Eins og annað fátækt fólk sem ekki átti kost á vísu jarðnæði fluttu þau oft milli bæja. Árin 1916 til 1920 bjuggu þau úti á Skaga. Þessi ár reyndust mörgum erfið vegna harðinda og ekki síst fátækum leiguliðum. Vorið 1920 urðu þau að bregða búi og fjölskyldan tvístraðist. Þá voru börnin orðin fimm. Elsta dóttirin fór í vist, synirnir í fóstur til frænda sinna en tvær yngri dæturnar fylgdu þeim í vinnumennsku. Árið 1929 hófu þau aftur búskap og þá hafði yngsti bróðirinn bæst í hópinn.

Amma og afi voru alla tíð fátæk en þau áttu hvort annað og sex mannvænleg börn. Þegar amma fullorðnaðist fékk hún of háan blóðþrýsting sem þeirra tíma lyf réðu ekki við. Hún fékk nokkrum sinnum aðkenningu af heilablóðfalli og heilsan bilaði og hún lést út heilablóðfalli 67 ára að aldri. Hún náði því aldrei að sjá börnin sín öll samankomin. Í eina skiptið sem systkinin hittust öll var við jarðarför móður þeirra og ég veit að slíkt var ekkert einsdæmi.

Aðeins ein mynd er til af ömmu. Hún sýnir lágvaxna, dökkhærða konu á peysufötum. Hún þótti minnug og fróð, góðhjörtuð, hlédræg en glöð í sínum hópi. Síðasttöldu eiginleikarnir hafa a.m.k. skilað sér til allmargra afkomenda hennar. Ég hef alltaf verið stolt af því að bera nafnið hennar. Það má leiða hugann að því hversu langt margar konur, henni líkar, hefðu getað náð ef fátækt og erfiðleikar hefðu ekki alla tíð verið þeim þröskuldur.